

HVENÆR - dagsetning: 14.08.2026	HVAÐ – viðfangsefni: UMFERÐ Á VESTURLANDI
HVERS VEGNA: ALMYRKVI Á SÓLU 12.08.2026	HVER – höfundur: MB

Gögnin sem þetta minnisblað byggir á

Þetta minnisblað byggir á þeim umferðargögnum sem eru aðgengileg á gagnvirkri upplýsingasiðu Vegagerðarinnar, **umferdin.is**. Þar eru birtar rauntímaupplýsingar um umferð á völdum mælistöðum í vegakerfinu. Tölurnar uppfærast á 10 mínútna fresti og hægt er að fylgjast með þróun umferðar og skoða umferðargögn 48 klukkustundir aftur í tímann.



Þetta eru þau rauntímagögn um umferð sem voru aðgengileg til að vinna þessa samantekt og afmarkast greiningin því af staðsetningu þeirra umferðarteljara sem birtast á upplýsingasiðunni. Slíkir teljarar eru ekki aðgengilegir á öllum ferðasvæðum eða helstu leiðum á Vesturlandi og því er ekki hægt að gera sambærilega greiningu á umferð um allan landshlutann.

Það er verulegur annmarki á þessari greiningu að hafa ekki aðgang að rauntímagögnum um umferð á fleiri lykilleiðum um Vesturland. Umferðargögn eru mikilvæg grunnupplýsing fyrir áfangastaðastýringu þar sem þau gera kleift að fylgjast með ferðamynstri og álagi á vegakerfið, greina breytingar á umferð milli svæða og meta áhrif sérstakra aðstæðna og aðgerða á borð við upplýsingagjöf og umferðarstýringu. Aðgengi að slíkum gögnum frá fleiri mælistöðum myndi því nýtast fjölmörgum aðilum við skipulagningu, greiningu og ákvarðanatöku.

Þessi takmörkun gagnanna þarf að hafa í huga við lestur minnisblaðsins. Niðurstöðurnar gefa góða mynd af þróun umferðar þar sem mæligögn eru aðgengileg, en þær gefa ekki heildstæða mynd af allri umferð um Vesturland dagana í kringum almyrkvann eða á sólmyrkvadaginn. Reynslan af þessari greiningu undirstrikar því enn og aftur mikilvægi þess að rauntímagögn um umferð séu aðgengileg frá fleiri stöðum og nái til helstu leiða á öllum ferðasvæðum Vesturlands.

Umferð á Vesturlandi í tengslum við almyrkva á sólu 12. ágúst 2026

Almyrkvi á sólu gekk yfir vestanvert Ísland miðvikudaginn 12. ágúst 2026. Sólmyrkvinn stóð yfir frá um kl. 16:45 til 18:45 og almyrkvi varð um kl. 17:45. Almyrkvinn varði lengst vestast á landinu og því voru Vestfirðir, Snæfellsnes og Reykjanes meðal þeirra svæða sem þóttu sérstaklega álitleg til að upplifa þetta einstaka náttúruyrirbrigði.

Erfitt var að spá fyrir um hvort og hversu mikil aukning yrði í umferð vegna almyrkvans. Um einstakan náttúruatburð var að ræða sem aðeins var hægt að upplifa innan afmarkaðrar almyrkvaslóðar og lítil reynsla var til að byggja á við mat á því hvaða áhrif hann gæti haft á ferðalög og umferð.

Mikil óvissa var meðal annars um hversu margir væru meðvitaðir um að almyrkvi myndi ganga yfir hluta Íslands og hversu mikinn áhuga hann myndi vekja. Óljóst var hversu stór hluti íbúa landsins væri tilbúinn að leggja á sig ferðalag til að upplifa almyrkvann og sömuleiðis hvort ferðamenn sem þegar væru staddir á Íslandi myndu breyta ferðaáætlunum sínum eða leggja sérstaklega leið sína inn á almyrkvaslóðina. Því var erfitt að áætla fyrirfram hversu mikil umferð gæti skapast, hvert fólk myndi helst sækja og hvar mestur fjöldi fólks myndi safnast saman.

Vegna þessarar óvissu var mikil vinna lögð í undirbúning, samráð og sviðsmyndagreiningu. Markmiðið var að vera sem best undirbúin fyrir mismunandi aðstæður, tryggja umferðaröryggi og stuðla að því að upplifun fólks af þessum einstaka náttúruatburði yrði sem jákvæðust.

Almyrkvaslóðin lá yfir höfuðborgarsvæðið og önnur þéttbýl svæði þar sem stór hluti landsmanna gat upplifað almyrkvann í sinni heimabyggð. Mikilvægur þáttur í undirbúningnum var því að hvetja fólk sem hafði þess kost til að sleppa óþarfa ferðalögum og upplifa myrkvann nærri heimili sínu. Markmiðið var að draga úr líkum á því að mjög mikill fjöldi fólks legði af stað á sama tíma og skapaði mikið álag á vegakerfið.

Veðurspár voru annar þáttur sem líklegt er að hafi haft áhrif á ferðaval. Í aðdraganda sólmyrkvans var spáð skýjuðu veðri og úrkomu víða um land, en mögulega betri skilyrðum eftir því sem vestar og norðar dró. Veðurspár og upplýsingar um líkleg útsýnisskilyrði voru mikið til umfjöllunar og kunna því að hafa haft áhrif bæði á það hvort fólk ákvað að ferðast og hvert það kaus að fara.

Í aðdraganda almyrkvans var lögð mikil áhersla á umferðaröryggi og fólk hvatt til að draga úr óþarfa akstri á sjálfan almyrkvadaginn. Almennur, atvinnulíf og rekstraraðilar tóku víða tillit til þessara tilmæla og skipulögðu ferðir og starfsemi með hliðsjón af almyrkvanum og mögulegu umferðarálagi. Sem dæmi færðu flutningsaðilar ferðir um almyrkvasvæðin yfir á dagana fyrir og eftir myrkvann og felldu niður ferðir 12. ágúst. Slíkar breytingar kröfðust skipulagningar og sveigjanleika og voru mikilvægur þáttur í sameiginlegri viðleitni til að draga úr umferðarálagi.

Við túlkun umferðartalanna þarf því að hafa í huga að umferðarmynstrið þessa daga mótaðist líklega af samspili margra þátta: áhuga og vitund fólks um almyrkvann, staðsetningu almyrkvaslóðarinnar, ferðavali bæði íbúa og ferðamanna, veðurspám, upplýsingagjöf og tilmælum um að draga úr óþarfa akstri. Umferðargögnin gefa síðan tækifæri til að skoða hvernig þetta samspil birtist í raunverulegri umferð um Vesturland.

Umferð á aðkomuleiðum inn á Vesturland

Áhugavert er að skoða helstu aðkomuleiðir inn á Vesturland. Umferð um Kjalarnes og Hafnarfjall milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands og umferð um Holtavörðuheiði og Laxárdalsheiði, sem tengja Vesturland við Norðurland, sýnir annað mynstur en kemur fram á Snæfellsnesi. Umferð á aðkomuleiðum var víða mikil dagana fyrir myrkvann og jókst aftur daginn eftir, en á sjálfan almyrkvadaginn var umferðin á nokkrum aðkomuleiðum minni en dagana sitt hvorum megin.

Á Kjalarnesi mældust 18.227 ökutæki 11. ágúst, 15.896 þann 12. ágúst og 19.199 þann 13. ágúst. Við Hafnarfjall voru ökutækin 10.406 þann 11. ágúst, 10.385 þann 12. ágúst og 11.837 þann 13. ágúst. Á Holtavörðuheiði voru 2.596 ökutæki 11. ágúst, 1.964 á almyrkvadaginn og 3.093 þann 13. ágúst.

Þetta mynstur bendir til þess að ferðalög inn á og út af Vesturlandi hafi að einhverju leyti verið meiri dagana fyrir og eftir almyrkvann. Það er í samræmi við umfangsmikla upplýsingagjöf og hvatningu til fólks og atvinnulífs um að forðast óþarfa umferð 12. ágúst. Gögnin gefa því vísbendingu um að tilmæli um að færa ferðir til og skipuleggja starfsemi þannig að dregið yrði úr umferðarþunga á almyrkvadaginn hafi skilað árangri.

Umferðartölurnar einar og sér staðfesta þó ekki tilgang einstakra ferða og því ber að líta á þessi tengsl sem líklega skýringu fremur en beina orsakasönnun.

Aukin umferð vestur fyrir almyrkvann

Gögnin sýna einnig að umferð jókst á ýmsum leiðum vestar í landshlutanum þegar leið á dagana fyrir almyrkvann. Þetta sést meðal annars í Staðarsveit, á Fróðárheiði, Bröttubrekku, Laxárdalsheiði og í Svínadal.

Í Staðarsveit, þar sem meðalsumardagsumferð er um 1.350 bílar á dag, fór umferð úr 2.141 ökutæki 10. ágúst í 2.546 þann 11. ágúst. Á Fróðárheiði, þar sem meðalsumardagsumferð er um 690 bílar, fór umferðin úr 1.261 í 1.671 ökutæki. Um Bröttubrekku, þar sem meðalsumardagsumferð er 1.050 bílar, fóru 1.631 ökutæki 10. ágúst og 1.891 þann 11. ágúst. Á Laxárdalsheiði, þar sem meðalsumardagsumferð er um 485 bílar, fór umferð úr 534 ökutækjum 10. ágúst í 832 þann 11. ágúst. Í Svínadal, þar sem meðalsumardagsumferð er um 1.500 bílar, jókst umferð úr 1.881 ökutæki 10. ágúst í 2.346 þann 11. ágúst.

Þetta getur bent til þess að margir sem hugðust upplifa almyrkvann á Snæfellsnesi, í Dölum eða á Vestfjörðum hafi lagt af stað einum eða fleiri dögum fyrir almyrkvann til að forðast mikla umferð og tryggja sér góðan stað að vera á. Slíkt ferðamynstur er í samræmi við tilmæli og upplýsingagjöf stjórnvalda og þá miklu umræðu sem var um möguleg umferðarteppur á sjálfan almyrkvadaginn.

Skortur á aðgengilegum umferðargögnum

Ekki var hægt að gera sambærilega greiningu á öllum ferðasvæðum og leiðum á Vesturlandi þar sem upplýsingar úr umferðarteljurum eru ekki aðgengilegar með sama hætti alls staðar.

Á gagnvirku upplýsingakorti Vegagerðarinnar, umferdin.is, eru ekki birtar upplýsingar úr umferðarteljurum á þjóðvegi 50 eða á vegum um uppsveitir Borgarfjarðar sem hefðu nýst við þessa greiningu. Þetta er sérstaklega bagalegt í þessu samhengi þar sem almyrkvaslóðin náði inn í Borgarfjörð allt að Hvanneyri. Það hefði því verið mjög áhugavert að geta skoðað hvort og þá með hvaða hætti almyrkvinn hafði áhrif á umferð um Borgarfjörð dagana í kringum 12. ágúst og hvort þar mætti greina breytingar frá venjulegri sumardagsumferð.

Sambærileg gögn eru heldur ekki aðgengileg um Útnesveg um Snæfellsjökulspjóðgarð. Það er verulegur annmarki á þessari greiningu þar sem almyrkvinn varði lengst á Öndverðarnesi og búast mátti við að margir myndu sækjast eftir því

að vera í og við þjóðgarðinn til að upplifa almyrkvann. Sérstök umferðarstýring var jafnframt í gildi og einstefna sett á Útnesveg á almyrkvadaginn. Umferðargögn af þeirri leið hefðu því verið sérstaklega verðmæt til að meta fjölda ökutækja, tímasetningu ferða og áhrif einstefnunnar á umferðarflæði um Snæfellsnes.

Skortur á þessum gögnum þýðir að ekki er hægt að gera sambærilega úttekt á öllum ferðasvæðum Vesturlands eða fá fullkomlega heildstæða mynd af því hvernig fólk ferðaðist um landshlutann í tengslum við almyrkvann. Þetta er skýrt dæmi um mikilvægi þess að upplýsingar úr umferðarteljrum séu aðgengilegar á nægilega mörgum lykilstöðum og helst í rauntíma.

Slík gögn eru mikilvæg fyrir áfangastaðastýringu. Þau gera kleift að fylgjast með ferðamynstri og álagi á vegakerfi, greina breytingar þegar mikið álag skapast, meta áhrif aðgerða og byggja ákvarðanir um upplýsingagjöf, innviði og umferðarstýringu á staðreyndum. Gott og stöðugt aðgengi að slíkum gögnum ætti því að vera mikilvægur hluti þeirrar gagnagrunns sem nýttur er við áfangastaðavinna á Vesturlandi.

Mjög mikil umferð á Snæfellsnesi 12. ágúst

Skýrasta merki um áhrif almyrkvans á umferð á Vesturlandi kemur fram á umferðartölum vestur á Snæfellsnes.

Við Borg á Mýrum mældust 7.459 ökutæki þann 12. ágúst, samanborið við opinbera meðalsumardagsumferð upp á 3.350 ökutæki. Umferðin þar var því um 123% meiri en meðalsumardagsumferð.

Við Hafursfell mældust 6.617 ökutæki á almyrkvadaginn, en meðalsumardagsumferð þar er um 2.250, sem var því um 194% umfram meðaltal. Í Staðarsveit mældust 4.110 ökutæki á almyrkvadaginn, en þar fara að meðaltali um 1.350 ökutæki um veginn á sumardeg. Umferðin var því um 204% yfir meðalsumardagsumferð.

Á Fróðárheiði var aukningin enn meiri. Þar mældust 2.641 ökutæki 12. ágúst samanborið við meðalsumardagsumferð upp á 690 ökutæki. Umferðin um Fróðárheiði var því um 283% yfir meðaltali.

Við túlkun þessarar miklu aukningar þarf þó að hafa í huga að einstefna var sett á Útnesveg í gegnum Snæfellsjökulspjóðgarð. Það kann að hafa breytt leiðavali og leitt stærri hluta umferðarinnar um Fróðárheiði en venjulega. Þar sem ekki eru aðgengileg sambærileg umferðargögn af Útnesvegi er ekki hægt að meta með nákvæmum hætti hversu mikil áhrif þessi umferðarstýring hafði á umferðina um Fróðárheiði. Því ber að varast að túlka aukninguna þar eingöngu sem mælikvarða á aukinn fjölda gesta á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Sambærilegt mynstur sést við Búlandshöfða, Kolgrafarfjörð og Vatnaleið. Á Vatnaleið mældust 2.679 ökutæki samanborið við meðalsumardagsumferð upp á 1.150 ökutæki.

Þessar tölur sýna mjög greinilega að mjög mikill fjöldi ökutækja var á ferð um Snæfellsnes á sjálfan almyrkvadaginn.

Tímasetning umferðarinnar sýnir áhrif sólmyrkvans skýrt

Þegar umferðarálag er skoðað eftir tímalínu og svæðum á almyrkvadaginn kemur fram mynstur sem gefur mikilvægar viðbótarupplýsingar umfram sólarhringstölurnar.

Á mörgum mælistöðum breytist umferðarmynstrið mjög skýrt í kringum sjálfan sólmyrkvann. Þegar myrkvinn stendur sem hæst dregur úr hreyfingu umferðar og síðan verður mjög snögg aukning skömmu eftir að almyrkvanum lýkur.

Þetta sést sérstaklega vel í Staðarsveit og á Fróðárheiði, þar sem mjög skarpir toppar myndast eftir kl. 18. Sambærilegt mynstur kemur fram við Vatnaleið. Tímasetningar á þessum mælistöðum sýna þannig mjög greinilega hvernig fyrirfram þekkt tímasetning náttúrufyrirbærisins hafði áhrif á ferðavenjur fólks.

Við Hafursfell sést einnig mjög þéttur og hár umferðartoppur um kvöldið 12. ágúst. Við Borg á Mýrum verður toppurinn breiðari og umferðin helst mikil lengur.

Þetta samræmist þeirri mynd að mjög stór hópur fólks hafi lagt af stað frá Snæfellsnesi á tiltölulega stuttu tímabili eftir að almyrkvanum lauk.

Umferðarbylgjan frá Snæfellsnesi

Eitt áhugaverðasta atriðið í tímaskalanum er hvernig umferðarþunginn virðist færast milli mælistaða eftir því sem leið á kvöldið.

Með samanburði á Fróðárheiði, Staðarsveit, Vatnaleið, Hafursfelli og Borg á Mýrum má sjá hvernig mjög mikil umferð kemur fyrst fram vestar á Snæfellsnesi og færist síðan austur og suður eftir vegakerfinu.

Um kvöldið varð samfelld röð ökutækja á sunnanverðu Snæfellsnesi frá Vegamótum við Vatnaleið í átt að Borgarnesi. Umferð gekk þar um tíma aðeins á um 20–40 km hraða, svo þessi leið, sem við venjulegar aðstæður tekur um 45 mínútur að keyra, varð allt að þriggja klukkutíma ferð fyrir þá sem voru á ferðinni þegar umferðin gekk hægst.

Einnig þarf að taka tillit til þess að á þessari leið var nokkuð langur vegakaflur þar sem vegaframkvæmdir voru í gangi og umferðarhraði tekinn niður í 30–50 km/klst. Það hafði jafnframt áhrif á flæði umferðarinnar.

Tímamælingarnar endurspeglar þessa stöðu. Þar sem umferðin færist hægt eftir vegakerfinu verður toppurinn á sumum mælistöðum breiðari og dregst yfir lengra tímabil. Sjá má að enn er mikil umferð undir Hafnarfjalli þegar komið er fram yfir miðnætti 13. ágúst og telst sú umferð því ekki með í umferðartölum almyrkvadsins á þeim mælistað.

Þetta bendir til þess að áhrif almyrkvans á umferðina hafi ekki fyrst og fremst stafað af heildarfjölda ökutækja einum og sér, heldur því að mjög stór hópur vegfarenda lagði af stað og ók sömu leið á sama tíma strax eftir að almyrkvanum lauk.

Mjög mikil umferð um Dali 12. ágúst

Áhrif almyrkvans á umferð á Vesturlandi koma einnig skýrt fram í umferðartölum í Dölum, þar sem umferð var langt yfir meðalsumardagsumferð á öllum þeim mælistöðum sem skoðaðar voru.

Á Bröttubrekku mældust 2.143 ökutæki á almyrkvadaginn, en meðalsumardagsumferð þar er um 1.050 ökutæki. Umferðin var því um 104% meiri en meðalsumardagsumferð.

Í Svínadal mældust 3.048 ökutæki 12. ágúst, samanborið við meðalsumardagsumferð upp á 1.500 ökutæki. Umferðin þar var því um 103% yfir meðaltali.

Hlutfallslega mesta aukningin mældist á Laxárdalsheiði. Þar fóru 1.349 ökutæki um veginn 12. ágúst, en meðalsumardagsumferð þar er um 485 ökutæki. Umferðin var því um 178% meiri en meðalsumardagsumferð.

Athyglisvert er að mikil umferð um Dali var ekki bundin við almyrkvadaginn. Umferð jókst þegar dagana fyrir almyrkvann og var áfram mjög mikil 13. ágúst. Á Bröttubrekku mældust þá 2.596 ökutæki og í Svínadal 3.065 ökutæki. Á Laxárdalsheiði mældust 994 ökutæki, sem er enn rúmlega tvöföld meðalsumardagsumferð.

Þessar tölur sýna mjög greinilega að óvenjumikil umferð var um Dali í tengslum við almyrkvann. Umferðin endurspeglar bæði ferðir innan Vesturlands, mikla umferð milli Vesturlands og Norðurlands um Laxárdalsheiði og umferðarstraum í átt að Vestfjörðum um Svínadal. Mynstrið bendir jafnframt til þess að ferðalög um Dali hafi dreifst yfir fleiri daga en sjálfan almyrkvadaginn.

Í þessari samantekt voru ekki kannaðar tölur um fjölda ökutækja sem fóru með Baldri yfir Breiðafjörð þessa daga né skoðaðar umferðartölur í nágrenni Brjánslækjar. Því nær greiningin ekki til allra mögulegra leiða milli Vesturlands og Vestfjarða.

Umferð helst mikil daginn eftir almyrkvann

Umferðartölur 13. ágúst sýna að þótt dregið hafi verulega úr umferð á Snæfellsnesi og í Dölum frá sjálfum almyrkvadeginum var umferð um Vesturland enn langt yfir venjulegri sumardagsumferð á stórum hluta svæðisins.

Við Borg á Mýrum mældust 4.974 ökutæki 13. ágúst samanborið við 3.350 ökutæki í opinberri meðalsumardagsumferð og var umferðin því enn um 48% yfir meðaltali. Við Hafursfell fóru 3.847 ökutæki um veginn samanborið við 2.250 á meðalsumardegi, eða 71% fleiri. Í Staðarsveit mældust 2.344 ökutæki samanborið við 1.350 að meðaltali, eða um 74% meiri umferð en á venjulegum sumardegi.

Sama mynstur sést víðar á Snæfellsnesi. Á Fróðárheiði mældust 1.326 ökutæki 13. ágúst samanborið við meðalsumardagsumferð upp á 690, við Búlandshöfða 1.751 samanborið við 1.200 og við Vatnaleið 1.819 samanborið við 1.150. Þótt hinn mikli toppur 12. ágúst hafi gengið niður var umferð því enn óvenjumikil daginn eftir almyrkvann.

Á sama tíma jókst umferð verulega á nokkrum helstu leiðum til og frá Vesturlandi. Á Kjalarnesi fór umferð úr 15.896 ökutækjum 12. ágúst í 19.199 þann 13. ágúst og við Hafnarfjall úr 10.385 í 11.837. Við Baulu jókst umferð úr 4.333 í 5.919 ökutæki og á Holtavörðuhéi úr 1.964 í 3.093.

Þessi samsetning er athyglisverð. Annars vegar var umferð áfram mikil innan Vesturlands og hins vegar jókst hún á helstu leiðum inn og út úr landshlutanum. Það getur bent til þess að umtalsverður fjöldi þeirra sem valdi að dvelja á Vesturlandi og Vestfjörðum vegna almyrkvans hafi ekki lagt af stað strax að honum loknum heldur dvalið áfram á svæðinu og haldið heim á leið eða áfram ferð sinni daginn eftir.

Mögulegt er að einhverjir hafi meðvitað kosið að fresta brottför til að forðast það mikla umferðarálag sem fyrirséð var eftir almyrkvann. Aðrir kunna að hafa skipulagt lengri dvöl á svæðinu og nýtt tækifærið til að njóta lengur þeirrar stemningar sem skapaðist í kringum almyrkvann. Umferðartölurnar segja þó ekki til um tilgang eða lengd einstakra ferða og því verður ekki fullyrt um ástæður þessarar hegðunar.

Gögnin sem hér eru skoðuð ná aðeins yfir tímabilið 10.–13. ágúst. Því er ekki enn hægt að segja til um hversu snemma fyrir almyrkvann aukin umferð fór að koma fram á Vesturlandi eða hversu lengi áhrifin héldu áfram eftir 13. ágúst. Til að fá heildstæðari mynd af áhrifum almyrkvans á ferðamynstur væri áhugavert að skoða lengra tímabil bæði fyrir og eftir 12. ágúst.

Tölurnar fyrir 10., 11. og 13. ágúst benda því til þess að áhrif almyrkvans á umferð hafi ekki verið bundin við einn dag. Þótt mesta samþjöppunin hafi orðið á Snæfellsnesi 12. ágúst virðist óvenjumikil umferð hafa verið bæði dagana fyrir og daginn eftir og komur, brottför og dvöl fólks á Vesturlandi hafa dreifst yfir lengra tímabil en sjálfan almyrkvadaginn.

Samantekt og helstu niðurstöður

Umferðarmælingarnar sýna að almyrkvinn hafði veruleg en nokkuð svæðisbundin áhrif á ferðamynstur um Vesturland.

Gögnin benda til þess að hluti ferðafólks hafi farið vestur áður en sjálfur almyrkvadagurinn rann upp. Á sama tíma virðist almenn umferð á nokkrum helstu aðkomuleiðum hafa verið hóflegri á sjálfan almyrkvadaginn en dagana sitt hvorum megin.

Þetta er mikilvæg niðurstaða í ljósi þess hversu mikil áhersla var lögð á að fólk forðaðist óþarfa akstur þennan dag. Almennigur, fyrirtæki og rekstraraðilar utan ferðamála virðast víða hafa tekið tilmælunum alvarlega og lagt sig fram um að færa ferðir, breyta starfsemi eða draga úr akstri. Sú samstaða og sá sveigjanleiki sem sýndur var er bæði þakkarverður og mikilvægur þáttur í mati á því hvernig umferðarstýringin tókst. Þótt umferðargögnin ein geti ekki sannað bein orsakatengsl gefa þau sterka vísbendingu um að sameiginleg upplýsingagjöf og góð viðbrögð almennings og atvinnulífs hafi átt þátt í að draga úr álagi á helstu aðkomuleiðum á sjálfan almyrkvadaginn.

Innan Snæfellsness var hins vegar mjög mikil samþjöppun umferðar. Á nokkrum mælistöðum var umferð tvöfalt, þrefalt og allt að nær fjórfalt meiri en opinber meðalsumardagsumferð.

Tímamælingarnar sýna mjög skýra brottfararbylgju eftir almyrkvann. Mikill fjöldi fólks lagði af stað á tiltölulega skömmum tíma og umferðin færðist smám saman frá vestari hluta Snæfellsness í átt að Borgarnesi. Þar sem vegakerfið hafði takmarkaða afkastagetu varð umferð mjög hæg á hluta leiðarinnar.

Þótt umferð hafi minnkað frá hinum óvenjulega toppi á almyrkvadaginn var hún áfram langt yfir meðalsumardagsumferð á stórum hluta Vesturlands 13. ágúst. Á sama tíma jókst umferð á helstu leiðum til og frá landshlutanum. Þetta styrkir þá mynd að ferðir og dvöl í tengslum við almyrkvann hafi dreifst yfir fleiri daga en sjálfan almyrkvadaginn.

Við túlkun niðurstaðnanna þarf jafnframt að hafa í huga að aðgengi að umferðargögnum er mismunandi eftir svæðum. Ekki voru aðgengileg sambærileg gögn fyrir þjóðveg 50 og uppsveitir Borgarfjarðar eða Útnesveg um Snæfellsjökulspjóðgarð. Því var hvorki hægt að meta áhrif almyrkvans á umferð um Borgarfjörð né fylgjast með umferð um þann hluta Snæfellsness þar sem almyrkvinn varði lengst og sérstök einstefna var í gildi. Þessar eyður takmarka möguleikann á að fá heildstæða mynd af ferðamynstri um allt Vesturland.

Helsti lærdómurinn er því að áhrif stórs og fyrirfram tímasetts náttúruatburðar á vegakerfið ráðast ekki eingöngu af heildarfjölda þeirra sem leggja leið sína á tiltekið svæði. Tímasetning ferða, leiðaval, opinber upplýsingagjöf, viðbrögð almennings og atvinnulífs, umferðarstýring og aðgengi að góðum gögnum skipta öll máli.

Sérstaklega sýnir reynslan mikilvægi þess að samfélagið bregðist sameiginlega við þegar fyrirséð er mikið álag. Að fyrirtæki og einstaklingar hafi tekið tilmælum, fært til ferðir og breytt sinni starfsemi til að draga úr óþarfa umferð á almyrkvadaginn virðist hafa verið mikilvægur þáttur í því að umferð á helstu aðkomuleiðum varð ekki meiri en raun bar vitni. Það er jákvæð reynsla sem vert er að halda til haga og byggja á við sambærilegar aðstæður síðar.

Gott aðgengi að staðbundnum, tímanlegum og helst rauntímagögnum er jafnframt mikilvæg forsenda fyrir áfangastaðastýringu. Umferðargögn gera kleift að greina álag, fylgjast með ferðamynstri, meta áhrif umferðarstýringar og annarra aðgerða og undirbúa viðbrögð og upplýsingagjöf á grundvelli raunverulegrar þróunar. Til þess þurfa gögn að vera aðgengileg á nægilega mörgum lykilstöðum um allt Vesturland.

Þessi reynsla og gögn geta því verið verðmæt við undirbúning, upplýsingagjöf og umferðarstýringu þegar fyrirsjáanlegt er að náttúruafyrirbrigði, skipulagðir viðburðir eða aðrar sérstakar aðstæður muni laða mikinn fjölda fólks að ákveðnum svæðum á Vesturlandi.

Fylgigögn

Tafla með umferðartölum og myndir af tímalínu umferðar á völdum stöðum voru fengnar af gagnvirku korti Vegagerðarinnar á vefnum umferdin.is, þar sem hægt er að fylgjast með umferðartölum í rauntíma. Gögnin uppfærast á 10 mínútna fresti og hægt er að sjá myndrit af umferð yfir 48 klukkustunda tímabil. Upplýsingar um meðalsumardagsumferð á sömu mælingarstöðum voru fengnar af upplýsingasíðu Vegagerðarinnar og byggja á umferðartölum ársins 2025.

Ekki voru birt aðgengileg gögn úr umferðarteljurum á þjóðvegi 50, um uppsveitir Borgarfjarðar eða á Útnesvegi um Snæfellsjökulspjóðgarð á þeim upplýsingasíðum Vegagerðarinnar sem nýttar voru við samantektina. Af þeim sökum nær greiningin ekki til þessara leiða með sambærilegum hætti og þeirra svæða þar sem mæligögn voru aðgengileg.

Myndirnar hér á eftir sýna annars vegar samanburð á sólarhringsumferð á völdum svæðum 10.–13. ágúst og opinberri meðalsumardagsumferð og hins vegar þróun umferðar eftir tíma frá síðdegi 11. ágúst til síðdegis 13. ágúst.

Myndir með tímalínu sem sýna tímabilið frá kl. 14:00 þann 11. ágúst til kl. 14:00 þann 13. ágúst sýna sérstaklega vel hvernig umferðarálagið breyttist í tengslum við almyrkvann og hvernig umferðarþunginn færðist milli svæða.

Samanburðurinn sýnir mjög skýran topp í umferð á Snæfellsnesi 12. ágúst, en umferð var jafnframt talsvert yfir meðalsumardagsumferð bæði dagana fyrir og eftir almyrkvann.

Við skoðun á tímalínunum umferðarinnar er sérstaklega áhugavert að fylgjast með lægð í umferð meðan á almyrkvanum stendur og skörpum toppum strax eftir að honum lýkur. Með samanburði milli mælistaða má einnig sjá hvernig umferðarbylgjan færir eftir vegakerfinu frá vestri til austurs.

Á helstu aðkomuleiðum sést annað mynstur: umferð var víða meiri dagana fyrir og eftir almyrkvann en á sjálfan almyrkvadaginn.

Fylgigögn:

Tafla með umferðatölum og myndir af tímalínu umferðar á völdum stöðum, voru fengnar af gagnvirkum korti Vegagerðarinnar á vefnum <https://umferdin.is/vedurstodvar> þar sem hægt er að fylgjast með umferðatölum í rauntíma, sem uppfæra sig á 10 mínútna fresti og hægt er að sjá myndrit af umferð yfir 48 klukkutíma í senn. Upplýsingar um meðaltals sumardagsumferð á sömu mælingarstöðum voru fengnar á upplýsingasíði Vegagerðarinnar <https://umferd.vegagerdin.is/> og byggja á umferðatölum 2025.

NAFN Á MÆLINGARSTAÐ	VG: OPINBER MEÐAL SUMARDAGSUMFERÐ	UMFERÐ 10.08.2026	UMFERÐ 11.08.2026	UMFERÐ 12.08.2026	UMFERÐ 13.08.2026
KJALARNES	14500	18215	18227	15896	19199
BLIKADALSÁ	11000	15147	16180	14394	17364
TÍÐARSKARÐ	1500	1979	1897	1314	1752
AKRAFJALL	4750	5415	5673	4763	5459
HAFNARFJALL	7900	9591	10406	10385	11837
BORG Á MÝRUM	3350	4359	5028	7459	4974
HAFURSFELL	2250	3352	3928	6617	3847
STAÐARSVEIT	1350	2141	2546	4110	2344
FRÓÐÁRHEIÐI	690	1261	1671	2641	1326
BÚLANDSHÖFÐI	1200	1785	1906	2676	1751
KOLGRAFARFJÖRÐUR	1300	1771	2153	2878	1971
STÓRHOLT	1300	1757	2032	2318	2115
VATNALEIÐ	1150	1624	1863	2679	1819
BAULA	4150	4572	4966	4333	5919
BRATTABREKKA	1050	1631	1891	2143	2596
SVÍNADALUR	1500	1881	2346	3048	3065
LAXÁRDALSHEIÐI	485	534	832	1349	994
HOLTAVÖRÐUHEIÐI	2650	2403	2596	1964	3093



Myndirnar hér á eftir sýna annars vegar samanburð á sólarhringsumferð á völdum svæðum 10.–13. ágúst og opinberri meðalsumardagsumferð og hins vegar þróun umferðar eftir tíma frá síðdegi 11. ágúst til síðdegis 13. ágúst.



Myndir með tímalínu sem sýnir tímabilið frá kl. 14:00 þann 11. ágúst til kl. 14. þann 13. ágúst sýna sérstaklega vel hvernig umferðarálagið breyttist í tengslum við almyrkvann og hvernig umferðarþunginn færðist milli svæða.

Samanburðurinn sýnir mjög skýran topp í umferð á Snæfellsnesi 12. ágúst, en umferð var jafnframt talsvert yfir meðalsumardagsumferð bæði dagana fyrir og eftir almyrkvann.

Við skoðun á tímalínunum er sérstaklega áhugavert að fylgjast með lægð í umferð meðan á almyrkvanum stendur og skörpum toppum eftir að honum lýkur. Með samanburði milli mælistaða má einnig sjá hvernig umferðarþylgjan færir eftir vegakerfinu.


Á helstu aðkomuleiðum sést annað mynstur: umferð var víða meiri dagana fyrir og eftir almyrkvann en á sjálfan almyrkvadaginn.






Kjalarnes:

Umferð Tími




Blikadalsá:

Umferð Tími



Tíðaskarð:


Umferð Tími



Hafnarfjall:

Umferð


Tími



Borg á Mýrum:

Umferð


Tími



Hafursfell:

Umferð


Tími



Staðarsveit:

Umferð


Tími



Fróðárheiði:

Umferð


Tími



Búlandshöfði:

Umferð


Tími



Kolgrafarfjörður:

Umferð


Tími



Stórholt:

Umferð


Tími



Vatnaleið:

Umferð


Tími



Baula:

Umferð


Tími



Brattabrekka:

Umferð


Tími



Svínadalur:

Umferð


Tími



Laxárdalsheiði:

Umferð

Tími



Holtavörðuheiði:

Umferð

Tími

